

Þriðjudaginn 22. maí 1984.

Nr. 145/1982. **Guðrún Bjarnadóttir og**

Helga Bjarnadóttir

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Jóni Ingólfssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Nauðungaruppböð. Tryggingarbréf. Uppboðsheimild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með áfrýjunarstefnu 12. júlí 1982 skutu áfrýjendur til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 15. júní það ár í máli Jóns Ingólfssonar gegn þeim, en úrskurður þessi var án forsendna. Áfrýjendur krefjast þess, að synjað verði um framkvæmd nauðungaruppböðs á íbúð þeirra á Hrístateigi 3, Reykjavík. Þær krefjast einnig málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Með kaupsamningi 16. maí 1980 keyptu áfrýjendur íbúð á Hrístateigi 3 af Jensinu Árnadóttur. Afsal var gefið út 20. maí 1981 og afhent til þinglýsingar 4. júní s.á. Þegar kaupsamningur var gerður, hvíldi á eigninni veð eftir tryggingarbréfi frá 16. janúar 1980. Með því var hún veðsett með 8. veðrétti og uppfærslurétti til tryggingar skuld samkvæmt vixli að fjárhæð 3.000.000 gkr., samþykktum af Jensinu Árnadóttur með gjalddaga 15. mars 1980. Í bréfinu segir, að veðsetningin nái „á sama hátt til endurnýjunarvíxla fyrir skuldinni...“ Þá segir í tryggingarbréfinu, að skuldin skuli öll falla í gjalddaga, ef eignin er sett á uppboð „...og má þá eins og alltaf þegar skuldin er í gjalddaga fallin selja veðið án dóms eða sáttar skv. lögum 1. nóvember 1887 um veð, 3. gr., eða lögum 16. desember

1885, 15. gr., eða 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði og 1. gr. laga 57/1949 um nauðungaruppboð“.

Seljandi íbúðarinnar lofaði að láta aflýsa þessu veðbandi af eigninni, en af því varð ekki.

Með bréfi til uppboðsréttar Reykjavíkur 16. september 1981 beiddist stefndi, Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður, þess, að fram færi nauðungaruppboð til lúkningar víxli að fjárhæð 30.000, sem Jensína Árnadóttir hafði samþykkt. Segir í bréfi lögmannsins, að til tryggingar greiðslu víxilsins sé tryggingarbréf það, sem fyrr er lýst.

II.

Áfrýjendur styðja kröfur sínar í fyrsta lagi þeim rökum, að tryggingarbréfið og víxill, sem stefndi byggir á, séu ekki fullnægjandi uppboðsheimild skv. 1. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Til að svo mætti vera, þyrfti að vera um veðskuldabréf að ræða, sbr. 3. gr. veðlaga nr. 18/1887, 39. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 og 15. gr. lögtakslaga nr. 29/1885, sem raunar heimili ekki uppboð, heldur aðför. Bréf það, sem Jensína Árnadóttir gaf út 16. janúar 1980, sé einungis veðbréf, en ekki jafnframt skuldabréf. Þá byggja áfrýjendur á því, að í texta bréfsins sé heimilað að selja veðið án dóms eða sáttar, en ekki sé tekið fram, að það megi gera án aðfarar, og beri að túlka bréfið eftir orðum sínum að þessu leyti. Loks er því mótmælt, að víxill sá, sem fyrir uppboðshaldara var lagður, sé tryggður með tryggingarbréfinu, enda sé hann ekki hinn sami og þar er tilgreindur og ósannað, að hann sé til framlengingar þeim víxli, sem í bréfinu sé nefndur.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að tryggingarbréfið sé fullgild uppboðsheimild, enda þar vitnað til laga, sem heimili nauðungaruppboð án dóms, sáttar eða aðfarar, og vísað til víxils, sem samkvæmt áralangri venju sé fullnægjandi. Þá er því haldið fram, að ljóst sé af áritun á hinn framlagða víxil, að hann sé framlengingarvixill. Það svo og sú staðreynd, að samþykkjandi sé sá sami og tilgreindur er í tryggingarbréfinu, veiti nægilega sönnun þess, að víxilskuldin sé tryggð með því.

III.

Í tryggingabréfi því, sem fyrr er lýst, er sagt, að veðsetningin sé til tryggingar víxli, sem Jensína Árnadóttir hafi samþykkt, falli í

gjalddaga 15. mars 1980 og sé 3 milljónir króna að fjárhæð svo og til tryggingar endurnýjunar víxlum. Hér er lýst tiltekinni skuld, og verður því að telja bréfið gilda uppboðsheimild að öðrum skilyrðum laga uppfylltum.

Í tryggingabréfinu er þess ekki getið, að hina veðsettu eign megi selja án aðfarar, svo sem þó er tíðkanlegt í slíkum bréfum. Þar er að sönnu vísað til 3. gr. veðlaga og 39. gr. lögræðislaga, sem heimila uppboðssölu án aðfarar, ef ákvæði þar að lútandi eru sett í veðskuldabréf. Skýra verður þessi ákvæði þröngt, þar sem hér er um sérstakt réttarfarsákvæði að ræða, sem er skuldurum mjög óhagkvæmt, þegar til beitingar þess dregur. Verður því að synja um hið umbeðna nauðungaruppboð af þessari ástæðu.

Lýsing þeirrar skuldar, sem tryggja átti, er ekki svo nákvæm sem skyldi, en með þeim rökum, sem fram eru færð af hálfu stefnda, þykir þó vera nægilega fram komið, að víxillinn, sem hann hefur lagt fram, sé tryggður með bréfinu frá 16. janúar 1980.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður stefnda gert að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi og synjað um umbeðið uppboð.

Stefndi, Jón Ingólfsson, greiði áfrýjendum, Guðrúnu Bjarnadóttur og Helgu Bjarnadóttur, samtals 12.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og
Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Í veðbréfinu, sem um er fjallað í málinu, er víxli þeim, er veðið á að tryggja, ekki rækilega lýst. Framlengingarvixill sá, sem fram hefur verið lagður, ber það ekki með sér, svo að óyggjandi sé, að hann sé framlengingarvixill vegna veðtrygгда víxilsins. Áfrýjendur

hafa mótmælt, að svo sé, og hefur þeim mótmælum ekki verið hnekkt. Í veðbréfinu eru ekki skýr ákvæði um, að selja megi veðið á nauðungaruppbóði án undangenginnar aðfarar. Þegar af þessum ástæðum erum við samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna nauðungaruppbóðs. Þá erum við einnig samþykkir málskostnaðarákvæði dóms þeirra.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 15. júní 1982.

Umbeðið nauðungaruppbóð nær fram að ganga til lúkningar kr. 30.000.- ásamt 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.6.1981 til og með 20.4.1982, en 4% dráttarvöxtum frá og með 21.4.1982 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði til greiðsludags, kr. 3.000.- í innheimtulaun, kr. 215.- fyrir ritun uppboðsbeiðnar auk kostnaðar við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 22. maí 1984.

Nr. 41/1984. **Lögerfingjar Önnu Sigurbjargar Aradóttur**
gegn

Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík

Kærumál. Kvaðning skiptaráðanda á matsmönnum til ákvörðunar á verðmæti dánarbús í tengslum við erfðafjárskatt. Ómerking. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 22. febrúar 1984, er barst Hæstarétti 27. s.m. Dómkröfur þeirra eru þær að